

Frá Þroskahjálpi

Alþingi
Erindi nr. P 139/636
komudagur 2.12.2010

Ríkisendurskoðun hefur nýlokið gerð skýrslu fyrir Alþingi um þjónustu við fatlað fólk á Íslandi. Niðurstöður skýrslunnar eru áfelliðsdómur yfir Alþingi og Félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Fram koma í skýrslunni alvarlegar athugasemdar við stjórnun og skipulag málaflokksins og gerðar eru athugasemdir við að heildarstefnu í málaflokknum skorti.

Þá kemur fram að fjárveitingar til þjónustu eru ekki byggðar á mati á þjónustuþörf þrátt fyrir að lög kveði á um að svo skuli vera. Einnig kemur fram að ekki sé fylgst með gæðum þjónustunnar né það tryggt að jafnræðis sé gætt milli þjónustuþega. Þá er það mat Ríkisendurskoðunar að eftirlit með þjónustu við fatlaða sé óviðunandi og að gagnangerar breytingar verði að gera á núverandi eftirlitskerfi til að tryggja hagsmuni notenda. Ríkisendurskoðun telur einnig allskostar ótækt að engar reglur séu til um hámarksbiðtíma eftir lögbundinni þjónustu.

Landssamtökin Þroskahjálpi hafa í áratugi barist fyrir hagsmunum fatlaðs fólks á Íslandi. Samtökin hafa kallað eftir því að samþykkt verði heildarstefna í þjónustu við fatlað fólk hér á landi en skort hefur á pólistískan vilja til slíks. Félags- og tryggingamálaráðuneytið telur sig, skv. umræddri skýrslu, vinna skv. þeim drögum að stefnumótun sem lögð voru fram árið 2006 en raunveruleikinn er ekki svo þegar kemur að veigamiklum þáttum þjónustunnar eins og þjónustu við fatlaða fólk á heimilum sínum.

Þroskahjálpi hefur í fleiri ár bent á þá lögleysu að umsækjendur um þjónustu fá engin svör um hvenær þeir geti vænst þess að lögbundin aðstoð standi þeim til boða. Einnig hefur margendurtekið verið bent á að fjárveitingar til þjónustu við fatlaða séu ekki byggðar á þjónustuþörf.

Ekki hefur verið til staðar vilji valdhafa til að tryggja nægilegt fjármagn til þjónustunnar þrátt fyrir að hér sé um ræða grunnþjónustu við fólk sem háð er aðstoð samfélagsins til að geta lifað eðlilegu lífi. Brotin hafa verið lög á fötluðu fólki með fullri vitund Alþingis og Félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

Þá hafa samtökin margoft komið á framfæri við stjórnvöld skoðunum sínum á nauðsyn þess að endurskoða núverandi réttindagæslukerfi og eftirlit með þjónustu. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar í því máli er afdráttarlaus; núverandi staða er óviðunandi. Ekki verður öllu fastar að orði kveðið. Áratugur er síðan Þroskahjálpi lagði fram tillögur sínar að úrbótum varðandi réttindagæslu fatlaðs fólks. Nefnd til að endurskoða réttindagæslu fatlaðs fólks var loks sett á laggirnar og skilaði ítarlegum tillögum og drögum að nýju frumvarpi til laga um réttindagæslu í mars 2009. Frá þeim tíma hafa tillögurnar legið hjá ráðherra, enn bólar ekki á neinum viðbrögðum til úrbóta. Benda má að Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kveður á um að réttindi skuli vera tryggð með öruggum hætti. Ísland hefur skrifað undir samninginn og ber að fara eftir ákvæðum hans.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar er afdráttarlaus í gagnrýni sinni á stjórnun og skipulag þjónustu við fatlaða. Stofnunin leggur fram nokkar ábendingar til úrbóta. Landssamtökin Þroskahjálpi

geta tekið undir þær ábendingar. Samtökin leggja áherslu á að nú þegar verði farið í eftirfarandi úrbætur:

1. Lagt verði fram frumvarp til úrbóta í réttindagæslu fatlaðs fólks og eftirlit með þjónustu bætt. Slíkt frumvarp hefur verið unnið og liggur á borði Félags- og tryggingaráðherra og því má leggja það fram nú á haustþingi.
2. Lögð verði fram raunsæ áætlun um uppbyggingu búsetuþjónustu við fatlað fólk til að útrýma þeim biðlistum eftir þjónustu sem nú eru til staðar. Brýnt er að Alþingi axli ábyrgð sína á núverandi ástandi og tryggi nauðsynlegar fjárveitingar þannig að farið verði að lögum og einstaklingum tryggð sú þjónusta sem nauðsynleg er til að lifa eðlilegu lífi.
3. Endurskoðun reglugerðar um búsetuþjónustu fatlaðs fólks verði lokið hið fyrsta og þar sett inn ákvæði er tryggi gæði þjónustunnar og hámarksbiðtíma til framtíðar.
4. Mótuð verði heildarstefna í þjónustu við fatlaða á Íslandi.
5. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði lögfestur á Íslandi. Þannig fái mannréttindi fatlaðs fólks aukið vægi í íslensku samfélagi.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar feiur í sér alvarlegan boðskap um það hvernig íslensk stjórnvöld hafa staðið sig gagnvart þjónustu við fatlað fólk. Hún kallar á að stjórnvöld axli ábyrgð sína og bregðist við með úrbótum. Ekki verður unað við óbreytt ástand. Landsamtökin Þroskahjálp skora á Alþingi og Félags- og tryggingamálaráðherra að bregðast ekki þeirri skyldu sinni að tryggja fötluðu fólki tækifæri til að lifa fullgildu lífi.